

Reykjanesbæ 30. maí 2013

## Fréttatilkynning

**Efni: Sölustöðvun og innköllun á frosnum jarðarberjum frá COOP vegna gruns um að sum berin geti verið menguð af veirum sem valda lifrabólgu A veirunni (Hepatitis A).**

Samkaup hafa í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, ákveðið að innkalla af markaði frosin jarðarber frá COOP með strikamerkið 7340011360377, þar sem grunur leikur á um að berin séu menguð af veiru sem veldur lifrabólgu A veirunni (Hepatitis A). COOP matvælaframleiðandinn hefur í dag gripið til sams konar innköllunar í samráði við matvælayfirvöld í Danmörku og Svíþjóð.

**Vöruheiti:** „COOP Jordbær“.

**Nettóþyngd:** 500 g

**Sölu- og dreifingaraðili:** Samkaup, Krossmóa 4, 230 Reykjanesbæ

**Best fyrir merking:** Allar dagsetningar

**Umbúðir:** Plastpokar

**Geymsluskilyrði:** Frystivara

**Dreifing:** Verslanirnar Nettó, Samkaup Strax, Samkaup Úrval og Kaskó.

Grunur hefur vaknað um að hluti framleiðslunnar hafi mengast af lifrabólgu A veirunni (Hepatitis A). Ekki hefur verið sýnt fram á tilvist veirunnar í berjunum, en vegna tengsla milli faraldurs í Danmörku og neyslu berjanna hefur COOP ákveðið að innkalla vöruna í varúðarskygni. Neytendum er ráðlagt að skila vörunni til Samkaups eða viðkomandi verslunar. Nánari upplýsingar veitir Þorgeir Jónsson hjá Samkaup ([thorgeir@samkaup.is](mailto:thorgeir@samkaup.is)).

